

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgárbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu fyrir árið 2010 skv. gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorpgjald heimila er kr. 24.000 fyrir árið 2010. Til viðbótar við sorpgjald heimila greiðir hvert lögbyli þar sem búskapur er stundaður kr. 12.000 fyrir árið 2010.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar 9. desember 2009 er sett samkvæmt ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi og kemur í stað gjaldskrár sama efnis frá 16. janúar 2009.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá þann 4. janúar 2010.

Hörgárbyggð, 6. janúar 2010.

Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2010